



13. október 2021
Tilv.: 2110089

Dreifibréf númer: 58/2021
til greiðsluþjónustuveitenda og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta samkvæmt PSD2 tilskipuninni.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 20/2021 sem inniheldur drög að reglum um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sem taka gildi 1. nóvember nk.

Með lögnum er innleidd tilskipun (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2 tilskipunin). Í þeim eru settar fram kröfur um sterka sannvottun viðskiptavina (e. Strong Customer Authentication, SCA) milli greiðsluvirkjenda og reikningsupplýsingaþjónustuveitenda annars vegar og greiðsluþjónustuveitanda reikningsþjónustu hins vegar, vegna framkvæmdar greiðslna, reikningsupplýsinga og vegna tæknilegra samskipta. Með reglunum verður innleidd framseld reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2018/389 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta samkvæmt PSD2 tilskipuninni.¹ Gert er ráð fyrir að reglurnar taki gildi 1. nóvember nk.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 skal prófunarumhverfi netskilafleta vera tilbúið 1. nóvember nk. Í regludrögunum er gert ráð fyrir að raunumhverfi netskilafleta skuli vera tilbúið 1. maí 2022, sbr. ákvæði til bráðabirgða í regludrögunum. Í því felst að greiðsluþjónustuveitendur reikningsþjónustu skulu geta leyft greiðsluvirkjendum og reikningsupplýsingaþjónustuveitendum, sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt starfsleyfi eða samþykkt skráningu á, að hefja prófanir á eigin lausnum í prófunarumhverfi í gegnum netskilafleti þann 1. nóvember 2021. Greiðsluþjónustuveitendur reikningsþjónustu skulu síðan vera tilbúnir að opna fyrir lausnir greiðsluvirkjenda og reikningsupplýsingaþjónustuveitenda í gegnum netskilafleti í raunumhverfi þann 1. maí 2022, að því tilskyldu að prófanir hafi verið ásættanlegar.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.


¹ Ensk útgáfa af reglugerð (ESB) 2018/389 er aðgengileg hér: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0389>.


Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 25. október nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit


Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar


Björk Sigurðsdóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir